

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

Skráningargjald hunda.

Við skráningu hunds skal greiða skráningargjald kr. 10.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald hunda.

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna hunds kr. 9.000.

3. gr.

Undanþága vegna björgunarsveitar- og hjálparhunda.

Björgunarsveitar- og hjálparhundar eru undanþegnir eftirlitsgjaldi, en eru eftir sem áður skráningarskyldir.

4. gr.

Afsláttur af eftirlitsgjaldi.

Heimilt er að veita þeim hundaeigendum, sem sótt hafa námskeið viðurkennds hundaþjálfara 50% afslátt af eftirlitsgjaldi, í eitt skipti fyrir hvern hund.

Gjaldskrá þessi er sett með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Akureyri og ákvæða 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður gjaldskrá nr. 111/2009.

Gjaldskráin var samþykkt í bæjarstjórn 21. desember 2010.

Akureyri, 19. janúar 2011.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.